# Stjórnartíðindi
# 2004 - B-deild - B43-47

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

## Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

## Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

## Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

## Athugasemdir um þessa útgáfu

Minniháttar galli á forsíðu.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

# Stjórnartíðindi

**B 43-47**
**Nr. 296-320**

# 2004

# Efnisyfirlit B 43–47 2004


| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 296 | 26. mars | Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík og afturköllun á auglýsingu | 789 |
| 297 | 29. mars | Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, vegna verslunar- og þjónustu í Vesturhöfninni | 790 |
| 298 | 29. mars | Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015, vegna Sjálandsskóla | 790 |
| 299 | 29. mars | Reglugerð um breytingu á reglugerð um skráningu ökutækja, nr. 751/2003, með síðari breytingum | 791 |
| 300 | 1. apríl | Reglugerð um (6.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru | 792 |
| 301 | 1. apríl | Reglugerð um (4.) breytingu á reglugerð nr. 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni | 792-793 |
| 302 | 1. apríl | Reglugerð um (13.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri | 793 |
| 303 | 31. mars | Auglýsing um skipulagsbreytingar í Garðabæ | 794-795 |
| 304 | 1. apríl | Reglugerð um (4.) breytingu á reglugerð nr. 948/2000 um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði | 795-796 |
| 305 | 2. apríl | Auglýsing um bann við innflutningi frá Kanada vegna hænsnapestar (Avian Influenza) | 796 |
| 306 | 19. mars | Gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis | 797-805 |
| 307 | 30. mars | Reglugerð um heimild færeyskra skipa til veiða á kolmunna við Ísland á árinu 2004 | 806-808 |
| 308 | 22. mars | Reglugerð um Orkustofnun | 808-812 |
| 309 | 23. mars | Samþykkt um hundahald í Súðavíkurhreppi | 812-813 |
| 310 | 29. mars | Auglýsing um deiliskipulag með Varmá frá Reykjalundarvegi að Húsadal, Mosfellsbæ | 814 |
| 311 | 18. mars | Reglugerð um breytingu á reglugerð um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna nr. 148 1. mars 2000 | 814 |
| 312 | 19. mars | Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðisins á Grundartanga, Skilmannahreppi | 815 |
| 313 | 22. mars | Samþykkt um afgreiðslur byggingarfulltrúans í Grundarfirði skv. 40. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum | 815-816 |
| 314 | 22. mars | Gjaldskrá fyrir kattahald í Grundarfirði | 816 |
| 315 | 30. mars | Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi við Jófríðarstaði-Skuld, Birkihvamm 2 í Hafnarfirði | 817 |
| 316 | 30. mars | Gjaldskrá vegna hunda- og kattahalds í Austurbyggð | 817 |
| 317 | 30. mars | Gjaldskrá fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og tæmingu rotþróa í Austurbyggð | 818-819 |
| 318 | 30. mars | Auglýsing um deiliskipulag þjónustumiðstöðvar og íbúðabyggðar við Egilsbraut, Þorlákshöfn | 819 |
| 319 | 5. apríl | Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík | 820 |
| 320 | 26. mars | Auglýsing um deiliskipulag Túnahverfis á Hvammstanga | 820 |

# AUGLÝSING

**um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík og afturköllun á auglýsingu.**

*Skildinganes, Baugatangi 4.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 9. desember 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Baugatanga 4.

Jafnframt tilkynnist að auglýsing nr. 112/2002 um sömu breytingu sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda þann 8. febrúar 2002 er afturkölluð.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Norðlingaholt.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 6. janúar 2004 og skipulagsfulltrúi þann 27. febrúar 2004, breytingu á deiliskipulagi fyrir Norðlingaholt.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Einarsnes, Bauganes 7.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 10. mars 2004, breytingu á deiliskipulagi fyrir Bauganes 7.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 26. mars 2004.*

Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkur,

**Salvör Jónsdóttir** sviðsstjóri.

# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, vegna verslunar- og þjónustu í Vesturhöfninni.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 29. mars 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að heimilt verður að reka verslun og þjónustu, þ.m.t. matvöruverslun, á hluta hafnarsvæðis H2 í Vesturhöfninni, sbr. afmörkun á skipulagsuppdrætti og lýsingu í greinargerð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 29. mars 2004.*

F. h. r.
**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

Nr. 298 29. mars 2004

# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015, vegna Sjálandsskóla.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 29. mars 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 frá 17. nóvember 1997.

Breytingin felst m.a. í að innan svæðis fyrir blandaða landnotkun (Ú-1) er svæði fyrir stofnanir stækkað, lega aðalgönguleiðar frá Vífilsstöðum að sjó færist til og gert er ráð fyrir undirgöngum undir Vífilsstaðaveg. Ennfremur eru gatnamót frá Vífilsstaðavegi að Grundum færð austar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 29. mars 2004.*

F. h. r.
**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um skráningu ökutækja, nr. 751/2003, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað orðanna: „1. janúar 2004“ í fyrirsögn 28. gr. komi: 1. apríl 2004.
Í stað orðanna: „31. desember 2003“ í 1. mgr. 28. gr. komi: 31. mars 2004.

2. gr.

Í stað ártalsins: „1980“ í 1. málslið 1. mgr. 31. gr. komi: 1988.

3. gr.

Í stað orðanna: „1. febrúar 2004“ í 1. og 2. málslið 3. mgr. 37. gr. komi: 1. apríl 2004.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 60. gr., 64. gr. a og 67. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 29. mars 2004.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

# REGLUGERÐ

**um (6.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru.**

1. gr.

1. ml. 1. mgr. 26. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Til að standa straum af kostnaði við framkvæmd aðfangaeftirlitsins skal innheimta eftirlitsgjald sem skal vera 3,1% af innflutningsverði (c.i.f.) sáðvöru, sem innheimt skal við tollafgreiðslu vörunnar og 3,1% af söluverði innlendrar sáðvöru (án vsk) sem innheimt skal tvisvar á ári samkvæmt söluskýrslum framleiðenda, á eyðublöðum aðfangaeftirlitsins.

1. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 1. apríl 2004.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

Nr. 301 1. apríl 2004

# REGLUGERÐ

**um (4.) breytingu á reglugerð nr. 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni.**

1. gr.

1. ml. 1. mgr. 30. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Til að standa straum af kostnaði við framkvæmd aðfangaeftirlitsins skal innheimta eftirlitsgjald sem skal vera 0,25% af innflutningsverði (c.i.f.) vöru sem reglugerðin gildir um, sem innheimt skal við tollafgreiðslu vörunnar og 0,25% af söluverði innlendrar vöru (án vsk) sem reglugerðin gildir um.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 1. apríl 2004.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

1. apríl 2004 Nr. 302

# REGLUGERÐ

## um (13.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri.

1. gr.

1. ml. 1. mgr. 27. gr. orðist svo:

Til að standa straum af kostnaði við framkvæmd aðfangaeftirlitsins skal innheimta eftirlitsgjald sem skal vera 0,9% af innflutningsverði (c.i.f.) fóðurvöru að undanskildu fiskimjöli og lýsi en þar skal gjaldið vera 0,17% af innflutningsverði (c.i.f.), sem innheimt skal við tollafgreiðslu vörunnar og 0,9% af söluverði innlendrar fóðurvöru að undanskildu fiskimjöli og lýsi en þar skal gjaldið vera 0,17% (án vsk) af söluverði, sem innheimt skal tvisvar á ári samkvæmt söluskýrslum framleiðenda, á eyðublöðum aðfangaeftirlitsins.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og tekur þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 1. apríl 2004.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

# AUGLÝSING

**um skipulagsbreytingar í Garðabæ.**

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi:

*Breyting á deiliskipulagi, heildarendurskoðun Sjálands (áður kallað Strandhverfi) við Arnarnesvog.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi, heildarendurskoðun Sjálands, áður kallað Strandhverfi.

Svæðið afmarkast til norðurs af sjó, til suðurs af Vífilsstaðavegi, til vesturs af óbyggðu svæði og af sjó á landfyllingu. Til austurs afmarkast svæðið af sjó á landfyllingu, fyrirhugaðri skólalóð við Löngulínu og lóð þar sem skipulagi er frestað.

Í breytingunni felst að deiliskipulag Sjálands í heild er endurskoðað. Gerðar voru breytingar á skipulaginu með tilliti til nokkurra atriða m.a. byggingarreitir kjallara stækkaðir, spennistöð færð að Vífilsstaðavegi, byggingarreitir íbúðarhæða á tveimur lóðum stækka, byggingarreitur á 1. hæð Jónshúss stækkar á norðurhlið 1. hæðar og púttvöllur verður á grænu svæði norðan við lóð Jónshúss. Við Strikið þar sem fyrirhugað var að hafa skrifstofur og bensínstöð verður nú einnig gert ráð fyrir möguleika á að hafa stofnun s.s. hjúkrunarheimili og þjónustuíbúðir. Á vesturhluta svæðisins er strandstígur færður ofar í landið. Afmörkun á austurhluta svæðisins breytist með því að lóð sem átti að vera fyrir verslun og/eða stofnun verður utan skipulagssvæðis en sú lóð verður hluti af fyrirhugaðri lóð fyrir skóla. Auglýst var ný endurskoðuð skipulagsáætlun þ.e. nýr skipulagsuppdráttur, nýr skýringaruppdráttur ásamt nýjum skilmálum með greinargerð og nýju fylgiriti. Á auglýsingatíma héngu eldri samþykkt gögn einnig uppi til samanburðar.

Við fullnaðarfrágang skipulagsgagna voru eftirfarandi lagfæringar gerðar: stígur (Sagnaslóð) var færður til suðurs á svæðinu norðan Jónshúss og Strandvegar 21 og 23; gatnamót Vífilsstaðavegar og Löngulínu voru stækkuð lítillega; dreifistöð færð nær vegi; gönguleið er sýnd á milli Löngulínu 7-11 og leikskólalóðar; mörk kjallarareita voru lagfærð í samræmi við byggingarreiti hæða á eftirfarandi lóðum við Löngulínu 13, 16, 27, við Vesturbrú 1 og Nýhöfn 13 (hefur ekki áhrif á stærðir í skilmálum). Við Strandveg 1-5 voru byggingarreitir bílageymslna minnkaðir; lóð við Vesturbrú (leikskóla) færist til í suðurs og stækkar í 5025 $m^2$, bílastæði leikskólans verða á stæðum opnum almenningi. Á lóðum við Löngulínu 15-35 (oddatölur) verða bílstæði við götu utan lóðar. Langalína 27-31 og 33-35 verður ein lóð, heildaríbúðatala er óbreytt. Við Löngulínu er byggingarreitum kjallara breytt þannig að þeir

eru kerfisbundið 17,5 m eða breiðari þ.e. við hús 16, 20-26, 27-35 (hefur ekki áhrif á hámarksstærðir í skilmálum). Lóðamörk á milli Löngulínu 28-32 og 34 eru lagfærð, stærð lóðanna breytist ekki.

Við ofangreinda endurskoðun hafa verið unnir nýir uppdrættir af svæðinu öllu og ný útgáfa skipulagsskilmála ásamt fylgiriti og skýringarmyndum. Eldri skipulagsgögn falla úr gildi.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*Breyting á deiliskipulagi við Hegranes 32.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi að Hegranesi 32 í Garðabæ.

Í breytingunni felst að byggingarreitur sem skilgreindur er á mæliblaði er stækkaður að hluta til norðurs.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Oafngreindar skipulagsáætlanir öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 31. mars 2004.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

1. apríl 2004 Nr. 304

# REGLUGERÐ

## um (4.) breytingu á reglugerð nr. 948/2000 um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. orðast svo:

Greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins fyrir hverja lyfjaávísun (ordination) skal miðast við mest 100 daga notkun, nema þegar ávísað er á lyf í eftirtöldum ATC-flokki (lækningaflokkum; Anatomical - Therapeutical - Chemical Classification) en þá miðast greiðslan við mest 30 daga notkun:

| | ATC-flokkur |
|---|---|
| Veirulyf | J 05 A B |

2. gr.

Eftirfarandi bætist í stafrófsröð við upptalningu í 1. mgr. 7. gr.:

| | |
|---|---|
| M 01 AH | Coxib |
| N 06 B | Örvandi lyf (psychostimulantia) og lyf sem efla heilastarfsemi (noontropics) |

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr.

a. Nýr málsliður bætist við 2. tl.:

Þessi heimild nær einnig til vítamína vegna barna yngri en 18 ára með efnaskiptasjúk-

dóma þegar þau eru hluti af lífsnauðsynlegri meðferð og barna yngri en 18 ára með alvarlegan frásogsvanda sem leiðir til þess að þau þurfi mjög aukið magn vítamína.

b. Við bætist nýr töluliður sem verður 4. tl.:
Þegar sjúklingur af brýnum læknisfræðilegum ástæðum s.s. alvarlegum aukaverkunum getur ekki notað það lyf sem greiðsluþátttaka almannatrygginga miðast við, sbr. 2. mgr. 3. gr. Er þá heimilt að miða greiðsluþátttöku við hámarksverð viðkomandi lyfs.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í c-lið 36. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, öðlast gildi 1. maí 2004.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. apríl 2004.*

**Jón Kristjánsson.**

*Guðríður Þorsteinsdóttir.*

Nr. 305 2. apríl 2004

# AUGLÝSING

## um bann við innflutningi frá Kanada vegna hænsnapestar (Avian Influenza).

1. gr.

Með vísan til þess að ekki hafa borist neinar upplýsingar um upprætingu á hænsnapest í Kanada, en hænsnapest er skæður fuglasjúkdómur sem dreifst getur með milliríkjaviðskiptum, er sett bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Kanada.

2. gr.

1. gr. á þó ekki við um afurðir fugla sem slátrað var fyrir 17. febrúar 2004.

3. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 30. apríl 2004.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 2. apríl 2004.*

F. h. r.
**Ólafur Friðriksson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

# GJALDSKRÁ

**fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.**

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis samkvæmt lögum nr. 7/1998, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Ennfremur er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari af starfsemi sem háð er leyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, samkvæmt lögum nr. 74/1984 sbr. lög nr. 101/1996 og lög nr. 95/2001 um tóbaksvarnir og reglugerðum settum með stoð í þeim.

2. gr.

| | |
|---|---|
| Tímagjald | kr. 6.300 |
| Gjald fyrir rannsókn á hverju sýni, skv. eftirlitsáætlun | kr. 7.500 |

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur í fylgiskjali í viðauka með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, samkvæmt eftirlitsáætlun.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að breyta eftirlitsáætlun hjá einstaka fyrirtæki verði eftirlit frábrugðið samþykktri áætlun.

Eftirlitsaðila er heimilt að fjölga tímabundið eftirlitsferðum umfram það sem fram kemur í viðauka ef nauðsyn krefur t.d. þegar nýr búnaður hefur verið tekinn í notkun eða vegna kvartana. Hækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur.

Sé atvinnurekstur starfræktur í a.m.k. fjögur ár í röð og hafi heilbrigðisfulltrúi ekki gert athugasemdir í eftirliti er eftirlitsaðila heimilt að draga úr reglubundnu eftirliti og lækkar eftirlitsgjald þá sem því nemur.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Sveitarfélögum á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis er heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

| | |
|---|---|
| Starfsleyfisgjald og auglýsingakostnaður ef við á | 1,0 tímagjald |

Ný starfsemi:

| | |
|---|---|
| Starfsleyfisgjald og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á | 1,5 tímagjald |

Til viðbótar ofangreindu er heilbrigðisnefnd heimilt að innheimta tímagjald skv. reikningi vegna vinnu við gerð sértækra starfsleyfisskilyrða vegna starfsemi sem fellur undir reglugerð nr. 785/1999.

Gutenberg

Tóbakssöluleyfi og önnur leyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

| | |
|---|---|
| Leyfisgjald | 1,5 tímagjald |
| og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á | |
| Fyrir undanþágu til sölu tóbaks skv. 7. mgr. 8. gr. laga um tóbaksvarnir | 1 tímagjald |

4. gr.

Fyrir eftirlit skv. 17. og 18. gr. laga um tóbaksvarnir sem ekki fer fram samhliða reglulegu eftirliti skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að innheimta gjöld sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Fyrir hverja eftirlitsferð | 2 tímagjöld |

5. gr.

Gjald skv. 3. gr. og 4. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

6. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálft tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni og verk sem unnin eru skv. ákvæðum samþykkta settum samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir greiðist tímagjald samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga, auk áfallins innheimtukostnaðar.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá af þeirri starfsemi sem ber hærra eftirlitsgjald.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með heimild í 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 74/1984 með síðari breytingum og samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, sbr. lög nr. 59/1999 og samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar 17. mars 2004, bæjarstjórn Seltjarnarness 10. mars 2004 og hreppsnefnd Kjósarhrepps 1. mars 2004. Gjaldskrá þessi öðlast gildi við birtingu og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 942/2001 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

*Mosfellsbæ, 19. mars 2004.*

F.h. heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis,

**Þorsteinn Narfason** framkvæmdastjóri.

| **ÍSAT-númer** | **Heiti atvinnugreinar** | **Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr.** |
|---|---|---|
| 90.00.0.6 | Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru | 5.119 |
| 90.00.0.3 | Aðrar skólphreinsistöðvar | 14.175 |
| 01.24.0.1 | Alifuglarækt < 40.000 stæði | 33.625 |
| 01.24.0.2 | Alifuglarækt > 40.000 stæði | 48.825 |
| 15.12.0.0 | Alifuglasláturhús | 72.450 |
| 63.23.0.1 | Alþjóðaflugvellir og flugvellir með eldsneytisafgreiðslu | 55.125 |
| 52.31.0.0 | Apótek | 21.263 |
| 85.11.5.0 | Áfengismeðferð | 11.813 |
| 52.25.0.0 | Áfengisverslun | 20.475 |
| 90.00.0.9 | Áhaldahús sveitarfélags | 13.388 |
| 93.02.0.3 | Baðhús | 27.875 |
| 15.81.0.2 | Bakarí, lítið | 29.925 |
| 15.81.0.3 | Bakarí, miðlungs | 47.875 |
| 15.81.0.4 | Bakarí, stórt | 80.950 |
| 50.50.0.1 | Bensínstöðvar án matvæla | 47.250 |
| 50.50.0.2 | Bensínstöðvar með matvöru | 72.450 |
| 50.50.0.3 | Bensínstöðvar með veitingasölu | 116.075 |
| 50.50.0.0 | Bensínstöðvar, sjálfvirkar | 23.625 |
| 60.21.0.1 | Bið- og endastöðvar strætisvagna | 3.544 |
| 60.22.0.1 | Biðstöðvar leigubifreiða | 3.544 |
| 50.20.0.4 | Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið | 13.388 |
| 50.20.0.5 | Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs | 14.963 |
| 50.20.0.6 | Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, stórt | 16.538 |
| 50.20.0.1 | Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið | 10.238 |
| 50.20.0.2 | Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs | 11.813 |
| 50.20.0.3 | Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt | 14.963 |
| 50.20.0.8 | Bifreiðaréttingar | 10.238 |
| 50.20.0.7 | Bifreiðasprautun | 14.963 |
| 50.30.0.1 | Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru | 14.963 |
| 50.30.0.2 | Bifreiðavarahlutaverslanir, mikið af efnavöru | 24.413 |
| 50.30.0.3 | Bílapartasölur | 23.625 |
| 15.96.0.0 | Bjórgerð | 42.525 |
| 28.52.0.1 | Blikksmíði | 10.238 |
| 50.20.0.10 | Bón- og bílaþvottur, handvirk | 10.238 |
| 50.20.0.9 | Bón- og bílaþvottur, sjálfvirk | 18.113 |
| 55.30.1.8 | Brauðstofur | 47.875 |
| 15.81.0.1 | Brauðverksmiðjur | 87.250 |
| 37.20.0.2 | Brennur, endurvinnsla úrgangs | 8.663 |
| 52.46.1.2 | Byggingavöruverslanir, litlar | 14.963 |
| 52.46.1.1 | Byggingavöruverslanir, stórar | 48.825 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr. |
|---|---|---|
| 55.23.0.2 | Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu | 8.663 |
| 55.23.0.1 | Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu | 13.938 |
| 85.32.1.1 | Dagmömmur með > 6 börn | 20.475 |
| 92.34.0.1 | Dansskólar | 4.331 |
| 85.11.1.1 | Deildaskipt sjúkrahús, lítið/án mötuneytis | 16.538 |
| 85.11.1.2 | Deildaskipt sjúkrahús, miðlungs/með móttökueldhúsi | 42.525 |
| 85.11.1.3 | Deildaskipt sjúkrahús, stórt/með fullbúnu eldhúsi | 56.225 |
| 15.12.1.0 | Dreifingarstöð fyrir alifugla | 29.925 |
| 85.11.4.1 | Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil/án mötuneytis | 10.238 |
| 85.11.4.2 | Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs/með móttökueldhúsi | 33.075 |
| 85.11.4.3 | Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi | 46.775 |
| 85.31.3.1 | Dvalarheimili fyrir aldraða, fullbúið eldhús | 27.875 |
| 85.31.3.0 | Dvalarheimili fyrir aldraða, móttökueldhús | 10.238 |
| 85.20.0.1 | Dýralæknastofur án röntgen | 4.331 |
| 85.20.0.2 | Dýralæknastofur með röntgen | 10.238 |
| 85.20.0.3 | Dýraspítalar | 13.388 |
| 93.01.0.2 | Efnalaugar | 10.238 |
| 85.11.3.0 | Endurhæfing | 10.238 |
| 85.11.3.4 | Endurhæfing með sundlaug og með fullbúnu eldhúsi, stórt | 121.900 |
| 37.20.0.1 | Endurvinnsla úrgangs | 16.538 |
| 75.23.0.1 | Fangelsi, lítið | 23.625 |
| 75.23.0.2 | Fangelsi, miðlungs | 29.925 |
| 75.23.0.3 | Fangelsi, stórt | 36.225 |
| 55.21.0.1 | Farfuglaheimili og fjallaskálar, heilsársnotkun | 5.119 |
| 55.21.0.2 | Farfuglaheimili og fjallaskálar, sumarnotkun | 5.119 |
| 85.32.6.2 | Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi | 34.175 |
| 85.32.6.1 | Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi | 23.625 |
| 85.32.4.0 | Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi | 10.238 |
| 52.23.0.4 | Fiskbúðir án vinnslu, litlar | 27.875 |
| 52.23.0.5 | Fiskbúðir án vinnslu, miðlungs | 38.425 |
| 52.23.0.6 | Fiskbúðir án vinnslu, stórar | 41.575 |
| 52.23.0.1 | Fiskbúðir með vinnslu, litlar | 35.275 |
| 52.23.0.2 | Fiskbúðir með vinnslu, miðlungs | 38.425 |
| 52.23.0.3 | Fiskbúðir með vinnslu, stórar | 69.450 |
| 15.20.7.2 | Fiskmjölsvinnsla | 59.850 |
| 15.42.0.1 | Fitu- og lýsisvinnsla og -hersla | 26.775 |
| 63.23.0.2 | Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu | 10.238 |
| 63.23.0.1 | Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu | 13.388 |
| 85.14.9.1 | Fótaaðgerðarstofur | 10.238 |
| 74.81.0.2 | Framköllunarþjónusta, sérhæfð | 10.238 |
| 26.61.0.0 | Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu | 10.238 |
| 15.61.0.2 | Framleiðsla á fullunnu korni eða morgunkorni | 51.025 |
| 26.11.0.0 | Framleiðsla á glerplötum | 10.238 |
| 24.11.0.0 | Framleiðsla á iðnaðargasi | 40.950 |
| 15.31.0.3 | Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju | 34.175 |
| 20.20.0.0 | Framleiðsla á krossviði, spónaplötum o.þ.h. | 10.238 |
| 15.41.0.1 | Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi < 10 tonn á dag | 26.775 |
| 15.41.0.2 | Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi > 10 tonn á dag | 53.550 |
| 25.22.0.0 | Framleiðsla á umbúðaplasti | 26.775 |
| 15.85.0.1 | Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli | 17.325 |
| 15.91.0.0 | Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja | 42.525 |
| 15.71.2.0 | Framleiðsla fiskeldisfóðurs | 20.475 |
| 26.13.0.0 | Framleiðsla glerláta | 9.450 |
| 15.98.0.1 | Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, lítið | 36.225 |
| 15.98.0.2 | Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, miðlungs | 49.925 |
| 15.98.0.3 | Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, stór | 59.375 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr. |
|---|---|---|
| 15.42.0.0 | Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti | 26.775 |
| 15.71.1.0 | Framleiðsla húsdýrafóðurs | 20.475 |
| 15.88.0.0 | Framleiðsla mjólkurdufts | 49.925 |
| 26.63.0.0 | Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu | 11.813 |
| 21.22.0.0 | Framleiðsla vöru til heimilis- og hreinlætisnota úr pappír og pappa | 5.119 |
| 80.21.0.1 | Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám án mötuneytis | 13.388 |
| 80.21.0.3 | Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með fullbúnu eldhúsi | 60.950 |
| 80.21.0.2 | Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með móttökueldhúsi | 40.950 |
| 80.22.0.1 | Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám án mötuneytis | 13.388 |
| 80.22.0.3 | Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi | 60.950 |
| 80.22.0.2 | Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með móttökueldhúsi | 40.950 |
| 80.22.0.4 | Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - verknám í matvælavinnslu | 82.050 |
| 80.30.0.1 | Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mötuneytis | 13.388 |
| 80.30.0.3 | Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi | 60.950 |
| 80.30.0.2 | Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi | 40.950 |
| 20.10.0.1 | Fúavörn á viði | 11.813 |
| 63.12.0.4 | Fyrirtæki sem geyma klórgas | 13.388 |
| 24.20.0.1 | Garðaúðun | 20.475 |
| 63.12.0.7 | Gasbirgðastöðvar með < 100 $m^3$ geymslurými (STP) | 23.625 |
| 63.12.0.6 | Gasbirgðastöðvar með > 100 $m^3$ geymslurými (STP) | 29.925 |
| 90.00.0.5 | Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni | 5.119 |
| 90.00.0.4 | Gámastöð | 12.600 |
| 55.12.0.1 | Gististaður án veitingasölu, lítið (heimagisting) | 10.238 |
| 55.12.0.2 | Gististaður án veitingasölu, miðlungs | 11.813 |
| 55.12.0.3 | Gististaður án veitingasölu, stórt | 14.963 |
| 55.11.0.1 | Gististaður með veitingasölu, lítið | 34.175 |
| 55.11.0.2 | Gististaður með veitingasölu, miðlungs | 43.625 |
| 55.11.0.3 | Gististaður með veitingasölu, stórt | 87.250 |
| 80.10.0.1 | Grunnskólar án mötuneytis | 33.075 |
| 80.10.0.3 | Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi | 67.250 |
| 80.10.0.2 | Grunnskólar með móttökueldhúsi | 53.550 |
| 80.10.0.4 | Grunnskóli rekinn í tveimur aðskildum byggingum með fullbúnu eldhúsi | 97.175 |
| 25.13.0.1 | Gúmmívinnsla | 29.925 |
| 52.49.1.0 | Gæludýraverslun | 4.331 |
| 85.32.2.3 | Gæsluvellir og opin leiksvæði | 20.475 |
| 15.20.5.0 | Harðfiskverkun | 20.475 |
| 93.02.0.0 | Hárgreiðslu- og snyrtistofur | 11.813 |
| 93.02.0.1 | Hárgreiðslustofur | 10.238 |
| 51.44.2.0 | Heildverslun með hreingerningarefni | 30.713 |
| 51.31.0.1 | Heildverslun með ávexti og grænmeti, lítil | 23.625 |
| 51.31.0.2 | Heildverslun með ávexti og grænmeti, miðlungs | 29.925 |
| 51.31.0.3 | Heildverslun með ávexti og grænmeti, stór | 46.775 |
| 51.55.0.1 | Heildverslun með eiturefni og hættuleg efni | 30.713 |
| 51.45.0.0 | Heildverslun með ilmvatn og snyrtivöru | 30.713 |
| 51.45.0.1 | Heildverslun með snyrtivöru | 27.563 |
| 51.36.0.0 | Heildverslun með sykur, súkkulaði og sælgæti | 33.075 |
| 51.39.0.1 | Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, lítil | 10.238 |
| 51.39.0.2 | Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, miðlungs | 29.925 |
| 51.39.0.3 | Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, stór | 43.625 |
| 85.12.1.1 | Heilsugæslustöðvar | 11.813 |
| 85.31.1.0 | Heimili fyrir börn og unglinga | 8.663 |
| 85.31.4.2 | Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, lítið | 17.325 |
| 85.31.4.3 | Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, miðlungs | 20.475 |
| 85.31.4.0 | Heimili fyrir fatlaða, sambýli með heimiliseldhús | 10.238 |
| 15.20.4.1 | Heitloftsþurrkun fiskafurða | 29.925 |
| 92.62.0.1 | Hestahald | 5.119 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr. |
|---|---|---|
| 24.51.0.1 | Hreinlætisvöruverksmiðjur | 67.725 |
| 01.42.0.1 | Hundahótel | 8.663 |
| 85.14.9.4 | Húðflúrstofur | 26.775 |
| 85.14.9.5 | Húðgötun | 26.775 |
| 36.12.0.1 | Húsgagnaiðnaður með lökkun | 10.238 |
| 15.52.0.0 | Ísgerð | 120.950 |
| 92.61.0.4 | Íþróttahús, lítil | 10.238 |
| 92.61.0.5 | Íþróttahús, miðlungs | 13.388 |
| 92.61.0.6 | Íþróttahús, stór | 33.075 |
| 92.61.0.8 | Íþróttavellir | 4.331 |
| 37.20.0.4 | Jarðboranir | 17.325 |
| 52.46.1.3 | Járnvöruverslanir | 21.263 |
| 55.40.0.0 | Kaffihús, smurt brauð | 20.475 |
| 15.42.0.3 | Kaldhreinsun lýsis | 26.775 |
| 01.25.9.0 | Kanínurækt | 29.925 |
| 15.31.0.1 | Kartöfluvinnsla < 300 tonn á dag | 34.175 |
| 15.31.0.2 | Kartöfluvinnsla > 300 tonn á dag | 60.950 |
| 15.31.0.0 | Kartöfluvinnsla - pökkun | 20.475 |
| 01.42.0.2 | Kattahótel | 8.663 |
| 15.82.0.1 | Kexverksmiðjur | 86.150 |
| 91.31.1.1 | Kirkjur | 4.331 |
| 85.14.9.2 | Kírópraktor | 4.331 |
| 15.13.0.7 | Kjötpökkunarstöð | 102.050 |
| 15.13.0.4 | Kjötvinnsla með reykingu, lítil | 87.250 |
| 15.13.0.5 | Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs | 127.250 |
| 15.13.0.6 | Kjötvinnsla með reykingu, stór | 200.325 |
| 15.13.0.1 | Kjötvinnsla, lítil | 62.050 |
| 15.13.0.2 | Kjötvinnsla, miðlungs | 102.050 |
| 15.13.0.3 | Kjötvinnsla, stór | 162.525 |
| 55.40.0.2 | Krár, kaffihús án matsölu | 26.775 |
| 55.40.0.1 | Krár, kaffihús með matsölu | 47.875 |
| 15.87.0.1 | Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil | 20.475 |
| 15.87.0.2 | Krydd- og bragðefnaframleiðsla, miðlungs | 37.325 |
| 15.87.0.3 | Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór | 46.775 |
| 05.02.2.1 | Kræklingaeldi | 9.056 |
| 92.13.0.1 | Kvikmyndahús | 13.388 |
| 63.12.0.5 | Kæli- og frystigeymslur | 13.388 |
| 29.23.0.1 | Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði | 18.113 |
| 15.82.0.2 | Kökugerð, lítil | 20.475 |
| 15.82.0.3 | Kökugerð, miðlungs | 31.025 |
| 15.82.0.4 | Kökugerð, stór | 37.325 |
| 15.20.8.0 | Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, lítil | 34.175 |
| 15.20.8.1 | Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, miðlungs | 51.025 |
| 15.20.8.2 | Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, stór | 107.250 |
| 05.02.2.0 | Land- og kvíaeldi | 19.688 |
| 15.33.0.3 | Lauksteikingarverksmiðjur | 26.775 |
| 19.10.0.1 | Leðurvinnsla og sútun | 89.450 |
| 92.31.0.1 | Leikhús án eldhúss eða eingöngu uppþvottur | 8.663 |
| 92.31.0.3 | Leikhús með fullbúnu eldhúsi | 33.075 |
| 92.31.0.2 | Leikhús með móttökueldhúsi | 13.388 |
| 85.32.2.2 | Leikskólar með fullbúnu eldhúsi | 60.950 |
| 85.32.2.1 | Leikskólar með móttökueldhúsi | 47.250 |
| 26.21.0.1 | Leirmunaverkstæði afkastageta < 75 t/dag og/eða rúmtak ofns < 4 $m^3$ | 10.238 |
| 17.30.0.1 | Litun og bleiking < 10 tonn á dag | 91.350 |
| 93.04.0.1 | Líkamsræktarstöðvar, litlar | 8.663 |
| 93.04.0.4 | Líkamsræktarstöðvar, litlar með heitum pottum | 27.875 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr. |
|---|---|---|
| 93.04.0.2 | Líkamsræktarstöðvar, miðlungs | 20.475 |
| 93.04.0.5 | Líkamsræktarstöðvar, miðlungs með heitum pottum | 48.350 |
| 93.04.0.3 | Líkamsræktarstöðvar, stórar | 23.625 |
| 93.04.0.6 | Líkamsræktarstöðvar, stórar með heitum pottum | 85.675 |
| 93.03.0.1 | Líkbrennslur | 72.450 |
| 74.81.0.3 | Ljósmyndastofur með framköllun | 10.238 |
| 01.25.2.0 | Loðdýrabú | 33.625 |
| 24.42.0.0 | Lyfjagerð | 24.413 |
| 85.12.2.2 | Læknahús með aðgerðarstofum | 13.388 |
| 85.12.2.1 | Læknastofur | 10.238 |
| 14.21.0.0 | Malar- og sandnám; vikurnám | 7.481 |
| 52.62.0.2 | Markaðir, litlir | 10.238 |
| 52.62.0.1 | Markaðir, miðlungs | 26.775 |
| 52.62.0.0 | Markaðir, stórir | 59.850 |
| 55.30.1.1 | Matsölustaðir, litlir | 37.325 |
| 55.30.1.2 | Matsölustaðir, miðlungs | 43.625 |
| 55.30.1.3 | Matsölustaðir, stórir | 56.225 |
| 55.30.1.7 | Matsöluvagnar | 20.475 |
| 52.11.2.4 | Matvöruverslun án vinnslu, lítil | 31.025 |
| 52.11.2.5 | Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs | 52.125 |
| 52.11.2.6 | Matvöruverslun án vinnslu, stór | 89.450 |
| 52.11.2.1 | Matvöruverslun með vinnslu, lítil | 44.725 |
| 52.11.2.2 | Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs | 82.050 |
| 52.11.2.3 | Matvöruverslun með vinnslu, stór | 95.750 |
| 27.50.0.1 | Málmsteypa < 20 tonn á dag | 18.113 |
| 24.30.0.1 | Málningarverksmiðjur | 67.725 |
| 52.46.2.1 | Málningarvöruverslanir | 21.263 |
| 28.51.0.0 | Meðferð og húðun málma | 13.388 |
| 20.20.0.2 | Meindýravarnir | 13.388 |
| 15.51.0.1 | Mjólkurbú | 135.750 |
| 15.51.0.0 | Mjólkurbú og ostagerð | 200.325 |
| 15.20.7.1 | Mjölvinnsla úr sjávarafurðum | 59.850 |
| 51.57.0.3 | Móttaka á úrgangi til endurvinnslu | 10.238 |
| 51.57.0.2 | Móttaka brotamálms | 85.050 |
| 15.42.0.2 | Mörbræðsla og tólgarframleiðsla | 26.775 |
| 55.51.0.1 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið | 20.475 |
| 55.51.0.2 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs | 29.925 |
| 55.51.0.3 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt | 51.025 |
| 55.51.0.4 | Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið | 20.475 |
| 55.51.0.5 | Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs | 26.775 |
| 55.51.0.6 | Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt | 41.575 |
| 14.50.0.0 | Nám og vinnsla annarra ótalinna hráefna úr jörðu | 26.775 |
| 14.30.0.0 | Nám og vinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðargerðar | 6.694 |
| 93.04.0.9 | Nuddstofur | 10.238 |
| 22.22.1.0 | Offsett- og hæðarprentun | 23.625 |
| 26.82.9.1 | Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu | 24.413 |
| 15.51.0.2 | Ostagerð | 106.150 |
| 21.21.0.1 | Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla | 20.475 |
| 25.21.0.1 | Plastiðnaður | 33.075 |
| 22.22.9.1 | Prentiðnaður, lítill | 11.813 |
| 22.22.9.2 | Prentiðnaður, miðlungs | 14.963 |
| 22.22.9.3 | Prentiðnaður, stór | 42.525 |
| 22.24.0.0 | Prentsmíð | 11.813 |
| 22.21.0.0 | Prentun dagblaða | 48.825 |
| 31.40.0.1 | Rafgeymaverksmiðjur og verkstæði | 11.813 |
| 31.62.0.1 | Rafvélaverkstæði | 10.238 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr. |
|---|---|---|
| 85.14.3.0 | Rannsóknarstofur í læknisfræði | 4.331 |
| 50.20.0.11 | Ryðvarnarverkstæði | 20.475 |
| 01.12.1.0 | Ræktun grænmetis og garðplöntuframleiðsla | 10.238 |
| 85.14.3.1 | Röntgenstofur | 8.663 |
| 55.52.0.1 | Sala á tilbúnum mat, lítil | 23.625 |
| 55.52.0.2 | Sala á tilbúnum mat, miðlungs | 62.050 |
| 55.52.0.3 | Sala á tilbúnum mat, stór | 74.650 |
| 52.49.9.4 | Sala eiturefna | 42.525 |
| 15.33.0.2 | Salatgerð | 44.725 |
| 15.20.2.0 | Saltfiskverkun | 20.475 |
| 14.40.0.0 | Saltvinnsla | 26.775 |
| 55.40.0.3 | Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur | 5.119 |
| 55.40.0.5 | Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi | 53.550 |
| 55.40.0.4 | Samkomusalir með móttökueldhúsi | 13.388 |
| 22.22.2.0 | Sáldprentun | 23.625 |
| 05.02.1.1 | Seiðaeldisstöðvar > 350 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn | 29.925 |
| 05.02.1.2 | Seiðaeldisstöðvar > 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn | 14.963 |
| 05.02.1.3 | Seiðaeldi annað en í 1 og 2 og ekki í tengslum við fiskeldi | 6.694 |
| 85.11.2.0 | Sjúkrahús með takmarkaða sérfræðiþjónustu | 13.388 |
| 85.14.1.1 | Sjúkraþjálfun | 10.238 |
| 55.30.2.1 | Skemmtistaðir án matsölu | 13.388 |
| 55.30.2.0 | Skemmtistaðir með matsölu | 40.475 |
| 92.61.0.9 | Skíðaskálar, skíðasvæði | 5.906 |
| 92.72.0.1 | Skotvellir | 4.331 |
| 85.32.3.2 | Skóladagheimili, fullbúið eldhús | 23.625 |
| 85.32.3.2 | Skóladagheimili, móttökueldhús | 17.325 |
| 90.00.0.2 | Skólphreinsistöðvar og fráveita >10.000 pe og afrennsli til strandsjávar eða >2.000 pe | 105.525 |
| 28.74.0.1 | Skrúfuframleiðsla | 17.325 |
| 26.12.0.0 | Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri | 9.450 |
| 55.30.1.4 | Skyndibitastaðir, litlir | 41.575 |
| 55.30.1.5 | Skyndibitastaðir, miðlungs | 54.175 |
| 55.30.1.6 | Skyndibitastaðir, stórir | 74.175 |
| 15.11.0.1 | Sláturhús < 50 t/dag | 36.225 |
| 15.11.0.2 | Sláturhús > 50 t/dag | 72.450 |
| 52.24.0.1 | Smásala á brauði, kökum og sætabrauði, án vinnslu | 18.900 |
| 52.24.0.2 | Smásala á brauði, kökum og sætabrauði, með vinnslu | 37.325 |
| 52.24.0.3 | Smásala á brauði, kökum og sætabrauði, með vinnslu og veitingasölu | 40.475 |
| 52.49.9.3 | Smásala efna í flokkum X, A og B | 48.825 |
| 52.50.0.0 | Smásala með notaða muni í verslunum | 22.838 |
| 15.43.0.0 | Smjörlíkisgerð | 34.175 |
| 50.20.0.12 | Smurstöðvar | 20.475 |
| 93.02.0.2 | Snyrtistofur | 11.813 |
| 24.52.0.1 | Snyrtivöruframleiðsla, lítil | 23.625 |
| 24.52.0.2 | Snyrtivöruframleiðsla, stór | 55.125 |
| 52.33.0.1 | Snyrtivöruverslun | 11.813 |
| 90.00.0.8 | Sorpeyðingastöð, sorphaugar | 179.550 |
| 90.00.0.7 | Sorpflutningar og sorphirða | 26.775 |
| 93.04.0.7 | Sólbaðstofur án heitra potta | 20.475 |
| 93.04.0.8 | Sólbaðstofur með heitum pottum | 48.350 |
| 40.10.0.2 | Spennaviðgerðir | 26.775 |
| 40.10.0.1 | Spennistöðvar | 8.269 |
| 35.11.0.1 | Stálsmíði og stálskipagerð | 16.538 |
| 14.21.0.1 | Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum | 48.825 |
| 26.70.0.0 | Steinsmíði, lítil | 10.238 |
| 26.70.0.1 | Steinsmíði, stór | 29.925 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr. |
|---|---|---|
| 85.31.5.2 | Stofnanir fyrir áfengissjúklinga, fullbúið eldhús, miðlungs | 27.875 |
| 52.11.1.2 | Stórmarkaðir > 400 $m^2$, án matvælavinnslu | 90.550 |
| 52.11.1.1 | Stórmarkaðir > 400 $m^2$, með matvælavinnslu | 132.125 |
| 15.33.0.1 | Sultu- og ávaxtagrautargerð | 44.725 |
| 85.31.1.2 | Sumarbúðir fyrir börn, fullbúið eldhús | 34.175 |
| 92.61.0.7 | Sundstaðir og íþróttamannvirki sambyggð | 134.500 |
| 92.61.0.1 | Sundstaðir, litlir | 40.950 |
| 92.61.0.2 | Sundstaðir, miðlungs | 76.225 |
| 92.61.0.3 | Sundstaðir, stórir | 96.700 |
| 15.84.0.1 | Súkkulaði- og sælgætisgerð | 46.775 |
| 01.23.0.1 | Svínarækt < 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur | 37.325 |
| 01.23.0.2 | Svínarækt > 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur | 48.825 |
| 52.11.3.1 | Söluturnar án óvarinna matvæla | 20.475 |
| 52.11.3.2 | Söluturnar með óvarin matvæli, litlir | 20.475 |
| 52.11.3.3 | Söluturnar með óvarin matvæli, miðlungs | 38.425 |
| 52.11.3.4 | Söluturnar með óvarin matvæli, stórir | 41.575 |
| 85.13.1.1 | Tannlæknastofur | 11.813 |
| 85.13.2.0 | Tannsmíðar | 7.088 |
| 15.86.0.0 | Te- og kaffiframleiðsla | 17.325 |
| 55.22.0.3 | Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið | 10.238 |
| 55.22.0.2 | Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs | 13.388 |
| 55.22.0.1 | Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt | 26.775 |
| 80.42.2.0 | Tónlistarskólar | 10.238 |
| 20.30.9.2 | Trésmíðaverkstæði án lökkunar | 10.238 |
| 20.30.9.1 | Trésmíðaverkstæði með lökkun | 11.813 |
| 17.10.0.1 | Ullarþvottastöðvar | 87.875 |
| 52.49.9.2 | Varahlutaverslanir, ekki bíla | 22.838 |
| 41.00.0.6 | Vatnsveitur < 151 íbúa eða matvælaframleiðsla | 24.725 |
| 41.00.0.5 | Vatnsveitur 1.000-5.000 íbúa | 109.925 |
| 41.00.0.6 | Vatnsveitur 151-500 íbúa | 24.725 |
| 41.00.0.4 | Vatnsveitur 5.000-10.000 íbúa | 181.100 |
| 41.00.0.6 | Vatnsveitur 501-1.000 íbúa | 46.925 |
| 41.00.0.7 | Vatnsveitur, einka | 16.063 |
| 17.10.0.2 | Vefnaðar- og spunaverksmiðjur | 29.925 |
| 52.49.9.1 | Véla- og tækjasölur | 16.538 |
| 29.11.0.0 | Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði | 17.325 |
| 50.20.0.13 | Viðgerðaraðstaða eigin véla | 7.088 |
| 35.11.0.2 | Viðhald og niðurrif skipa | 23.625 |
| 15.20.6.1 | Vinnsla á ferskum fiski, lítil | 23.625 |
| 15.20.6.2 | Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs | 23.625 |
| 15.20.6.3 | Vinnsla á ferskum fiski, stór | 48.825 |
| 25.21.0.2 | Vinnsla með plast- og frauðefni | 18.900 |
| 85.11.4.4 | Vistheimili | 10.238 |
| 28.73.0.1 | Völsunar-, víra-, nagla- og stangaverksmiðjur | 17.325 |
| 63.21.0.1 | Vöruflutningamiðstöðvar | 36.225 |
| 63.12.0.1 | Vörugeymslur, litlar | 20.475 |
| 63.12.0.2 | Vörugeymslur, miðlungs | 29.925 |
| 63.12.0.3 | Vörugeymslur, stórar | 36.225 |
| 85.14.9.3 | Yogastofur, heilun o.fl. | 4.331 |
| 93.01.0.1 | Þvottahús | 4.331 |
| 93.01.0.0 | Þvottahús og efnalaugar | 10.238 |
| 75.25.0.1 | Æfingasvæði slökkviliðs | 5.119 |
| 80.41.0.0 | Ökuskólar, flugskólar o.fl. | 5.119 |
| 80.42.9.0 | Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla | 5.119 |
| 15.20.9.0 | Önnur ótalin fiskvinnsla | 20.475 |
| 52.27.0.0 | Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum | 37.325 |

# REGLUGERÐ

**um heimild færeyskra skipa til veiða á kolmunna við Ísland á árinu 2004.**

1. gr.

Reglugerð þessi lýtur að framkvæmd samninga sem íslensk stjórnvöld hafa gert við færeysk stjórnvöld um heimildir færeyskra skipa til veiða á kolmunna í fiskveiðilandhelgi Íslands á árinu 2004.

Allar kolmunnaveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

2. gr.

Óheimilt er að stunda kolmunnaveiðar vestan 20°30′V og innan línu fyrir Suður- og Austurlandi sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 63°05′90 N - 20°30′00 V
2. 63°11′40 N - 19°07′30 V
3. 63°07′50 N - 18°38′00 V
4. 63°09′00 N - 18°27′00 V
5. 63°07′00 N - 18°02′00 V
6. 63°12′50 N - 17°00′00 V
7. 63°20′00 N - 16°03′00 V
8. 63°22′50 N - 15°51′00 V
9. 63°26′00 N - 15°29′00 V
10. 63°30′70 N - 15°00′00 V
11. 63°33′60 N - 14°41′70 V
12. 63°43′40 N - 13°53′00 V
13. 64°00′00 N - 13°07′00 V
14. 64°21′70 N - 12°17′30 V
15. 64°32′30 N - 11°41′00 V
16. 65°00′00 N - 11°28′00 V
17. 65°27′00 N - 11°24′00 V
18. 65°50′00 N - 11°32′00 V
19. 66°06′00 N - 11°33′00 V
20. 66°15′00 N - 12°00′00 V

og þaðan í rv. 360° að mörkum fiskveiðilögsögunnar.

3. gr.

Færeyskum skipum sem leyfi hafa fengið til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er skylt að halda afladagbækur um veiðarnar þar sem fram komi veiðisvæði, veiðitími og afli í hverju togi. Skal Fiskistofu sent afrit af afladagbókunum eigi síðar en 14 dögum eftir hver mánaðamót eða eftir að veiðum lýkur.

Veiðarfæri, sem ætluð eru til annarra veiða en kolmunnaveiða, skulu geymd í sérstakri veiðarfærageymslu.

4. gr.

Aðeins er þeim færeyskum fiskiskipum heimilt að stunda kolmunnaveiðar í flotvörpu innan íslenskrar lögsögu sem búin eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að halda úr höfn til veiða fyrr en starfsmenn færeysku eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að ofangreindur búnaður starfi eðlilega.

5. gr.

Tilkynna skal Landhelgisgæslunni siglingu skipsins inn í íslenska lögsögu með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara.

Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „komutilkynning“ (entry report).
Nafn skips.
Kallmerki.
Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.
Heildarafli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er í 1. mgr.

6. gr.

Skip sem stundar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 06.00 til 08.00 að íslenskum tíma, senda Landhelgisgæslunni tilkynningu þar sem eftirfarandi kemur fram í þessari röð:
Orðið „aflatilkynning“ (catch report).
Nafn skips.
Kallmerki.
Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.
Heildarafli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.
Afli síðasta sólarhrings, miðað við kl. 24.00, eða afli frá því skipið kom inn í fiskveiðilandhelgi Íslands sé um skemmri tíma að ræða, sundurliðaður eftir tegundum.

7. gr.

Þegar skip lýkur veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:
Orðið „lokatilkynning“ (exit report).
Nafn skips.
Kallmerki.
Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.
Heildarafli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.
Afli síðan síðasta aflatilkynning var send, sundurliðaður eftir tegundum.

8. gr.

Áður en skip heldur út úr fiskveiðilandhelgi Íslands skal senda Landhelgisgæslunni tilkynningu um það með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:
Orðið „athugunartilkynning“ (control report).
Nafn skips.
Kallmerki.
Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.
Heildarafli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr.

9. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 8. gr. er Eftirlitsstöðinni heimilt að ákveða önnur tímamörk en þar greinir þegar skip siglir inn í íslenska lögsögu og þegar það yfirgefur lögsöguna.

10. gr.

Eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar er í höndum Landhelgisgæslu Íslands, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu.

Fiskistofu er heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í veiðiskip sem leyfi hafa til veiða innan íslenskrar lögsögu. Skal útgerð skips sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð í veiðiskipi og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit samkvæmt reglugerð þessari geti ekki farið fram á sjó, skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrirmælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

11. gr.

Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um hlutaðeigandi veiðar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum milliríkjasamninga.

12. gr.

Skip sem veiðileyfi hafa skv. reglugerð þessari skulu að öðru leyti fylgja ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

13. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. mars 2004.*

F. h. r.
**Vilhjálmur Egilsson.**

*Þórður Eyþórsson.*

Nr. 308 22. mars 2004

# REGLUGERÐ

## um Orkustofnun.

1. gr.

Orkustofnun er sérstök ríkisstofnun, sem heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

2. gr.

Hlutverk Orkustofnunar er:

1. að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um orkumál og önnur auðlindamál, sem stofnuninni eru falin með lögum, og veita stjórnvöldum ráðgjöf og umsagnir um þau mál,
2. að standa fyrir rannsóknum á orku- og auðlindabúskap þjóðarinnar, á orkulindum

landsins og hafsbotnsins og á öðrum jarðrænum auðlindum, þannig að unnt sé að meta þær og veita stjórnvöldum ráðgjöf um skynsamlega og hagkvæma nýtingu þeirra,
3. að safna gögnum um orkulindir og aðrar jarðrænar auðlindir, nýtingu þeirra og orku- og auðlindabúskap landsmanna, varðveita þau og miðla upplýsingum til stjórnvalda og landsmanna,
4. að vinna að áætlanagerð til langs tíma um orku- og auðlindabúskap þjóðarinnar og hagnýtingu orkulinda og annarra jarðrænna auðlinda landsins og hafsbotnsins,
5. að stuðla að samvinnu þeirra, sem sinna orku- og auðlindarannsóknum og samræmingu á rannsóknarverkefnum,
6. að fylgjast í umboði ráðherra með framkvæmd opinberra leyfa, sem gefin eru út til rannsóknar og nýtingar jarðrænna auðlinda og reksturs orkuvera og annarra meiri háttar orkumannvirkja,
7. að annast daglega umsýslu Orkusjóðs,
8. að annast eftirlit skv. raforkulögum,
9. að annast önnur stjórnsýsluverkefni, sem stofnuninni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

Orkustofnun er heimilt að gera samninga við fyrirtæki eða stofnanir um framkvæmd skilgreindra verkefna, sbr. 2. og 3. tl. 1. mgr. Leita skal staðfestingar ráðherra á samningum, sem gerðir eru til lengri tíma en tveggja ára. Stofnuninni er einnig heimilt að hafa samvinnu við stofnanir eða fyrirtæki um þjónustustarfsemi, svo sem rekstur húsnæðis, símvörslu og bókhalds-, starfsmanna- og tölvuþjónustu.

3. gr.

Ráðherra skipar forstöðumann Orkustofnunar, orkumálastjóra, til fimm ára í senn. Orkumálastjóri fer með stjórn og daglegan rekstur Orkustofnunar. Hann skal skipta fjárveitingum í samræmi við 2. mgr. 4. gr. og sjá til þess, að starfsemi stofnunarinnar sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og innan þess fjárhagsramma sem fjárlög afmarka hverju sinni; að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi og meðferð fjármuna stofnunarinnar. Orkumálastjóri kemur fram fyrir hönd Orkustofnunar. Orkumálastjóri ræður annað starfslið stofnunarinnar.

Nánar skal kveðið á um verksvið og skyldur orkumálastjóra í erindisbréfi.

4. gr.

Starfsemi Orkustofnunar skiptist í þrjú fagsvið, auk skrifstofu orkumálastjóra og sameiginlegrar þjónustu, með eftirfarandi hætti:

- Skrifstofa orkumálastjóra, sbr. 5. gr.
- Orkumálasvið, sbr. 6. gr.
- Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna, sbr. 7. gr.
- Vatnamælingar, sbr. 8. gr.
- Sameiginleg þjónusta, sbr. 9. gr.

Hver þáttur er sérstök rekstrareining og skulu þær vera fjárhagslega aðgreindar eða aðskildar, eftir því sem við á. Hver eining fyrir sig skal standa undir þeim kostnaði, sem af henni hlýst, þar með talið þjónustu, sem keypt er af öðrum rekstrareiningum, sameiginlegri þjónustu stofnunarinnar og þjónustu annarra aðila.

Fjárveitingum til Orkustofnunar af fjárlögum skal varið til reksturs skrifstofu orkumálastjóra og orkumálasviðs, svo og til rannsókna á orku- og auðlindum í samræmi við ákvæði fjárlaga. Endurgreiðslu framkvæmdaraðila á útlögðum rannsóknar- og áætlunarkostnaði af ríkisfé skal jafnframt varið til rannsókna, sbr. 2. tl. 1. mgr. 2. gr.

Orkumálastjóri gerir starfslýsingar yfirmanna rekstrareininga og starfsmanna skrifstofu orkumálastjóra í samráði við þá. Yfirmenn skulu gera tillögur að starfslýsingum starfsmanna sinna eininga í samráði við þá. Starfslýsingar skulu staðfestar af orkumálastjóra.

5. gr.
*Skrifstofa orkumálastjóra.*

Skrifstofa orkumálastjóra annast sameiginleg málefni stofnunarinnar, s.s. varðandi kynningarmál, lögfræðileg málefni, rekstrarumsjón og samræmingu gagnamála.

Skrifstofa orkumálastjóra ber ábyrgð á umsögnum stofnunarinnar til stjórnvalda og annarra.

6. gr.
*Orkumálasvið.*

Hlutverk orkumálasviðs er einkum að sinna verkefnum skv. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar.

Helstu verkefni orkumálasviðs í auðlindamálum eru:

1. Að hafa umsjón með verkefnum Orkustofnunar varðandi jarðrænar auðlindir til lands og sjávar.
2. Að hafa frumkvæði að rannsóknum á jarðrænum auðlindum í eigu ríkisins.
3. Að varðveita gögn ríkisins um jarðrænar auðlindir og skilaskyld gögn annarra.
4. Að aðstoða stjórnvöld við veitingu rannsóknarleyfa, nýtingarleyfa og virkjanaleyfa.
5. Að miðla upplýsingum um auðlindamál.

Helstu verkefni orkumálasviðs í orkumálum eru:

1. Söfnun gagna um orkuvinnslu, innflutning eldsneytis, orkunotkun og verðlag orku.
2. Tölfræði- og hagfræðileg úrvinnsla gagna.
3. Gerð orkuspáa.
4. Eftirlit með sérleyfisþáttum í raforkugeiranum: Flutningi og dreifingu raforku.
5. Umsjón með niðurgreiðslum vegna húshitunarkostnaðar.
6. Þjónusta við orkuráð og umsjón með Orkusjóði.
7. Að stuðla að skilvirkri orkunotkun og nýtingu nýrra orkugjafa.
8. Að miðla upplýsingum um orkumál.

7. gr.
*Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna.*

Jarðhitaskóli skal starfræktur samkvæmt samningi við Háskóla Sameinuðu þjóðanna, eftir því sem fé er veitt til skólans eða hann aflar. Aðalstarfsemi Jarðhitaskólans er sex mánaða sérhæfð námskeið og starfsþjálfun í jarðhitafræðum fyrir nemendur með háskólapróf sem einkum koma frá þróunarlöndunum á vegum Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Skólinn heldur einnig styttri námskeið innanlands og utan og tekur þátt í alþjóðasamstarfi á sínu sviði. Við skólann starfar námsráð sem forstöðumaður skipar. Jarðhitaskólanum er heimilt að hafa umsjón með og veita styrki til framhaldsnáms og meistaraprófs (MSc) í jarðhitafræðum í samstarfi við þar til bæra háskóla.

8. gr.
*Vatnamælingar.*

Helstu verkefni Vatnamælinga eru:

1. að annast langtímarannsóknir á vatnafari og rannsóknir á vatnsauðlindinni, eðli hennar og skilyrðum til nýtingar samkvæmt samningi við þá, sem slíkar rannsóknir kosta, þ. á m. orkumálasvið stofnunarinnar, orkufyrirtæki o.fl.,

2. að vinna að sérstökum verkefnum fyrir orkumálasvið, sem miða að því að uppfylla hlutverk þess,
3. aðrar rannsóknir á umhverfis- og auðlindasviði sem fallið geta að hlutverki Vatnamælinga,
4. að markaðsfæra þekkingu Orkustofnunar í vatnafarsrannsóknum, enda sé ekki tekin meiri áhætta en samrýmist fjárhagslegri getu Vatnamælinga,
5. að finna upp, þróa og aðlaga aðferðir og tæki til rannsókna á vatnafari í samræmi við fjárhag Vatnamælinga hverju sinni.

Þessi verkefni rækja Vatnamælingar m.a. með því:
1. að hafa í þjónustu sinni hæfa sérfræðinga með nægilega fagþekkingu og viðhalda henni,
2. að hafa tiltækan tækjabúnað, sem nauðsynlegur er til að beita fremstu rannsóknartækni, eftir því sem fjárhagur leyfir og við verður komið á hverjum tíma,
3. að taka þátt í samstarfi á sviði vatnafræða í umboði orkumálastjóra.

Verkefni sem Vatnamælingar annast, fyrir orkumálasvið sem og aðra, skulu standa undir sér fjárhagslega og verðlagning taka mið af markaðsverði, þegar slíkt á við.

Rekstrarafgangi Vatnamælinga skal í samráði við orkumálastjóra ráðstafa til að efla rannsóknarfærni Vatnamælinga.

9. gr.
*Sameiginleg þjónusta.*

Helstu verkefni sameiginlegrar þjónustu eru:
1. Að annast fjármál, greiðslu gjalda og innheimtu tekna Orkustofnunar, auk bókhalds og almennrar skrifstofuþjónustu.
2. Að annast starfsmannamál og afgreiðslu launa.
3. Að annast tölvumál, símsvörun, bókasafn og skjalasafn Orkustofnunar.
4. Að annast rekstur húsnæðis og mötuneytis.

Sameiginlegri þjónustu Orkustofnunar er heimilt að veita öðrum stofnunum þá þjónustu sem getið er í 1. mgr. hér að framan, enda skal þess gætt að full greiðsla komi fyrir veitta þjónustu.

Aðrar rekstrareiningar Orkustofnunar greiða sameiginlegri þjónustu skv. samþykktum um skiptingu kostnaðar.

10. gr.

Orkustofnun skal gera framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn um þau verkefni, sem stofnunin vinnur að skv. 2. og 3. tl. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar. Hafa skal samráð við orkuráð um gerð þessarar áætlunar og hún síðan lögð fyrir ráðherra til staðfestingar. Áætlunin skal endurskoðuð árlega.

11. gr.

Orkustofnun annast daglega umsýslu Orkusjóðs. Hjá Orkustofnun starfar orkuráð, sbr. 6. gr. laga um Orkustofnun, sem gerir tillögur til ráðherra um lánveitingar og greiðslur úr Orkusjóði. Um Orkusjóð og orkuráð vísast til reglugerðar um Orkusjóð nr. 514/2003.

12. gr.

Setja skal Orkustofnun skipurit, þar sem nánar er kveðið á um innra skipulag hennar í samræmi við reglugerð þessa.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga um Orkustofnun nr. 87/2003. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 632 frá 6. desember 1996.

*Iðnaðarráðuneytinu, 22. mars 2004.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Kristján Skarphéðinsson.*

Nr. 309 23. mars 2004

# SAMÞYKKT

## um hundahald í Súðavíkurhreppi.

1. gr.

Hundahald í Súðavíkurhreppi sætir þeim takmörkunum sem tilgreind eru í samþykkt þessari.

2. gr.

Hundahald í þéttbýli (Súðavík) er háð eftirfarandi takmörkunum:

a. Eigandi hunds skal skrá hann á skrifstofu sveitarfélagsins og fá þar afhenta plötu sem alltaf skal vera um háls hundsins. Fyrir þetta skal hann greiða leyfisgjald samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórn setur í samræmi við 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Við skráningu skal hundeigandi undirrita yfirlýsingu um að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum þessarar samþykktar, eins og hún er nú og síðar kann að verða breytt.

b. Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðatryggðan hjá viðurkenndu tryggingafélagi þannig að tryggt sé að tryggingin taki til alls tjóns sem hundur kann að valda án nokkurra óeðlilegra skilyrða að mati sveitarstjórnar. Fyrir 1. júlí ár hvert skal leggja fram staðfestingu þess að tryggingin sé í fullu gildi.

c. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í fylgd með einhverjum sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hund, þótt í taumi sé inn í skólahús, leikvelli, almennar skrifstofur, opinberar stofnanir, samkomuhús, verslanir eða starfsstöðvar, hverju nafni sem þær nefnast, þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað.

d. Hundaeigendum er skylt að sjá svo um, að hundur raski ekki ró manna eða verði mönnum til óþæginda. Á almannafæri (skipulagt þéttbýli) er leyfishafa skylt að fjarlæga saur eftir hund/a sína á tryggilegan hátt. Ef sótt er um leyfi til að halda hund í sambýlishúsi, skal skriflegt samþykki sameigenda/stjórnar húsfélagsins í húsinu fylgja umsókn, sbr. lög nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

e. Til að standa straum af kostnaði sveitarfélagsins við skráningu og eftirlit með hundum í Súðavíkurhreppi, skal hver hundeigandi greiða árlegt gjald til sveitarsjóðs. Gjaldið greiðist fyrirfram við skráningu hundsins til næstkomandi júlímánaðar og síðan árlega 1. júlí fyrir eitt ár í senn. Sveitarstjórn ákveður fjárhæð í gjaldskrá, sem birt er í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld skulu aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Af hundum sem blindir menn og öryrkjar þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar skal ekkert gjald greiða.

f. Við greiðslu gjalds þessa ber hundeiganda að sýna vátryggingarskírteini, vottorð dýralæknis um að hundur sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi og hafi verið hreinsaður af bandormum, svo og öll skilríki er máli skipta.

g. Sé hundeigandi undir 18 ára aldri verður honum ekki veitt leyfi til hundahalds nema forráðandi ábyrgist allar skyldur hans samkvæmt samþykkt þessari og áriti sérstaka yfirlýsingu þar um.

3. gr.

Hundeigendum í dreifbýli er skylt að láta hreinsa hunda sína, á eigin kostnað, einu sinni á ári. Hundeiganda er skylt að geta staðfest hvenær sem er, að hundur hans hafi verið hreinsaður á sl. 12. mánuðum.

Eigandi er ábyrgur fyrir hverju því tjóni sem hundur hans kann að valda.

4. gr.

Hundar úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda sínum eða umráðamanni, svo og ómerktir flækingshundar, skulu teknir úr umferð.

Við brot á skilyrðum skv. 2. og 3. gr. skal fjarlæga viðkomandi hund. Eigandi hundsins fær þá, ef um minniháttar brot er að ræða, tækifæri til að leysa út hundinn gegn greiðslu þess kostnaðar sem á hann er fallinn. Sé um að ræða alvarlegt eða ítrekað brot er viðkomandi hundur tekinn af skrá og er þá ekki lengur heimild fyrir því að halda þann hund í sveitarfélaginu.

Sé hunds ekki vitjað innan sjö daga frá því að eiganda var tilkynnt um handsömun hans má aflífa hundinn, enda sé eiganda gert ljóst hvað vanræksla á að vitja um hundinn getur haft í för með sér. Yfirvöldum sveitarfélagsins er aldrei skylt að geyma skráðan hund lengur en tíu daga frá handsömun og er heimilt að láta aflífa hundinn að þeim tíma liðnum. Allur kostnaður við hundinn greiðist af eiganda.

Hættulega og óleyfilega hunda og þá hunda sem ganga lausir á almannafæri skal handsama og færa í geymslu. Heimilt er að láta lóga hættulegum hundum þegar í stað.

Handsömun á óskráðum hundi skal auglýst. Sé óskráða hundsins ekki vitjað innan 10 daga má láta aflífa hann. Komi síðar í ljós hver átti hundinn þá má krefja hann um greiðslu kostnaðar

Sveitarstjórn er hvenær sem er heimilt að afturkalla skráningu á einstökum hundum eða öllum hundum telji hún þess þörf.

5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari eða reglum settum samkvæmt henni varðar sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara með að hætti opinberra mála og í samræmi við VI. og VII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Súðavíkurhreppi nr. 149/1988.

*Umhverfisráðuneytinu, 23. mars 2004.*

F. h. r.
**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

# AUGLÝSING

**um deiliskipulag með Varmá frá Reykjalundarvegi að Húsadal, Mosfellsbæ.**

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti tillögu að deiliskipulagi með Varmá frá Reykjalundarvegi að Húsadal, 21. janúar 2004 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Um er að ræða hluta af svæði sem auglýst var til kynningar 31. maí - 12. júlí 2002.

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Reykjalundarvegi til vesturs, Reykjalundi og Reykjum til norðurs, Húsadal til austurs og Teigahverfi, Reykjahverfi og Ökrum til suðurs. Tillagan gerir ráð fyrir þéttingu og styrkingu núverandi byggðar jafnframt því sem svæðið er gert aðgengilegra til útivistar.

Jafnframt fellur úr gildi deiliskipulag fyrir Ásgarð I-III og hluti af deiliskipulagi Reykjalundar á landspildu milli Reykjalundarvegar og Bjargvegar.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og heimilar Skipulagsstofnun auglýsingu þessa.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Mosfellsbæ, 29. mars 2004.*

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.

Nr. 311 18. mars 2004

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna nr. 148 1. mars 2000.**

1. gr.

1. og 2. mgr. 7. gr., sbr. reglugerð nr. 268 21. mars 2001, orðist svo:

Verð hlutamiða í hvorri flokkaröð skal vera 10.800 kr. ef keyptur er miði sem gildir í öllum 12 flokkum happdrættisársins sem er frá 1. maí til 30. apríl ár hvert.

Verð miða fyrir hvern flokk er 900 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973, sbr. lög nr. 53 25. maí 1976, lög nr. 24 26. mars 1987 og lög nr. 21 17. apríl 1997, um breyting á þeim lögum, öðlast gildi 20. apríl 2004.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. mars 2004.*

**Björn Bjarnason.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

# AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðisins á Grundartanga, Skilmannahreppi.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hafa hreppsnefndir Hvalfjarðarstrandarhrepps og Skilmannahrepps þann 4. mars 2004 samþykkt breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðisins á Grundartanga, dagsett 3. desember 2002. Breytingin felst í nýrri veglínu að iðnaðarsvæðinu á Grundartanga og að Grundartangahöfn, á milli lóða Íslenska járnblendifélagsins og Norðuráls. Ný tenging kemur og hliðum fjölgar um eitt. Aðkoma að Norðuráli og bílastæði taka breytingum sem og tenging Norðuráls við Strandveg. Skilmálar svæðisins taka ekki breytingum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hvalfjarðarstrandarhreppi, 19. mars 2004.*

**Hallfreður Vilhjálmsson** oddviti.

*Skilmannahreppi, 19. mars 2004.*

**Sigurður Sverrir Jónsson** oddviti.

22. mars 2004 Nr. 313

# SAMÞYKKT

**um afgreiðslur byggingarfulltrúans í Grundarfirði skv. 40. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.**

1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Grundarfirði afgreiðir, án staðfestingar byggingarnefndar, mál skv. 2. gr. samþykktar þessarar, er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum nema þegar um er að ræða umsóknir um nýbyggingar, þ.m.t. viðbyggingar og fjölgun eignarhluta í íbúðarhúsum, gerð skipulagsáætlana og byggingarskilmála, úthlutun lóða, nafngiftir gatna og ákvarðanir um beitingu ákvæða skv. VI. kafla laganna.

2. gr.

Byggingarfulltrúa er heimilt að afgreiða:

1. Umsóknir vegna minni háttar mannvirkja, minni háttar breytinga á innra skipulagi og útliti húsa og eignaskipta.
2. Umsóknir vegna minni háttar breytinga sem verða á mannvirki í framkvæmd.
3. Umsóknir vegna breytinga á hæðarlegu lóða, uppsetningar girðinga, gróðurs og frágangs lóða, staðsetningar gáma á atvinnulóðum, minni háttar skilta á mannvirkjum og lóðum og númerabreytinga húsa og lóða.
4. Yfirfærslu á staðbundnum réttindum iðnmeistara, sbr. gr. 37.2 í byggingarreglugerð nr. 441/1998.
5. Byggingarnefnd getur falið byggingarfulltrúa fullnaðarafgreiðslu teikninga sem liggja fyrir nefndinni en uppfylla ekki ákvæði byggingarreglugerðar um minni háttar atriði.

3. gr.

Byggingarfulltrúa er heimilt að gefa út byggingarleyfi vegna umsókna skv. 1.2.3. og 5. tl. 2. gr. að uppfylltum ákvæðum laganna og þeirra reglugerða, sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunarskilmálum og öðrum samþykktum Grundarfjarðarbæjar um byggingarmál. Telji byggingarfulltrúi vafa leika á því að uppfyllt séu ákvæði laga, reglugerða og samþykkta, skal hann hlutast til um að umsókn verði lögð fyrir byggingarnefnd til úrlausnar.

4. gr.

Framangreindar afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram til kynningar á næsta fundi byggingarnefndar og bókaðar í gerðabók nefndarinnar en ekki teknar þar til annarrar afgreiðslu. Þær skulu síðan hljóta afgreiðslu bæjarstjórnar með sama hætti og samþykktir byggingarnefndar.

Synji byggingarfulltrúi erindi skal hann leggja málið fyrir byggingarnefnd á sama hátt.

5. gr.

Ákvörðunum byggingarfulltrúa samkvæmt samþykkt þessari má skjóta til byggingarnefndar innan 14 daga frá því að aðila varð kunnugt um afgreiðslu byggingarfulltrúa, enda hafi málið ekki þegar verið lagt fram í nefndinni. Um meðferð slíkra mála fer að öðru leyti skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Grundarfjarðar staðfestist hér með skv. 4. mgr. 40. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað við birtingu.

*Umhverfisráðuneytinu, 22. mars 2004.*

F. h. r.
**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

Nr. 314 22. mars 2004

# GJALDSKRÁ

## fyrir kattahald í Grundarfirði.

1. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött í Grundarfirði, sbr. 2. gr. samþykktar nr. 262/2004 skal vera 2.500 kr. Gjald greiðist á gjalddaga 1. mars, en eindagi er 30. mars ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er trygging, merkispjald auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Grundarfjarðar er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast gildi við birtingu.

*Grundarfirði, 22. mars 2004.*

**Eyþór Björnsson** bæjarstjóri.

# AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi við Jófríðarstaði-Skuld, Birkihvamm 2 í Hafnarfirði.**

Breytingin felst í að gerðir eru sérskilmálar fyrir Birkihvamm 2 sem heimila aukið byggingarmagn á lóðinni.

Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í bæjarstjórn þann 23. mars 2004 samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga. Breytingin öðlast gildi nú þegar.

*Hafnarfirði, 30. mars 2004.*

**Bjarki Jóhannesson,** sviðsstjóri
umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar.

30. mars 2004 Nr. 316

# GJALDSKRÁ

**vegna hunda- og kattahalds í Austurbyggð.**

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í Austurbyggð sbr. 2. gr. stafl. b samþykkta um hunda- og kattahald í Austurbyggð er 7.750 kr.

Gjaldið greiðist árlega á gjalddaga 1. júlí ár hvert.

2. gr.

Handsömunargjald sbr. 6. gr. framangreindrar samþykktar, skal vera 3.000 kr. í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í 6.000 kr. ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda kött í Austurbyggð sbr. 8. gr. stafl. b samþykkta um hunda- og kattahald í Austurbyggð er 5.850 kr.

Gjaldið greiðist árlega á gjalddaga 1. júlí ár hvert.

4. gr.

Framangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Austurbyggðar staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að taka gildi nú þegar.

Framangreind gjaldskrá var samþykkt í sveitarstjórn Austurbyggðar, þann 23. október 2003.

*Fáskrúðsfirði, 30. mars 2004.*

F.h. sveitarstjórnar Austurbyggðar,

**Steinþór Pétursson** sveitarstjóri.

# GJALDSKRÁ

**fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og tæmingu rotþróa í Austurbyggð.**

1. gr.

Sveitarsjóður Austurbyggðar innheimtir gjald fyrir fráveitu í Austurbyggð og hreinsun rotþróa í Austurbyggð skv. gjaldskrá þessari og samþykkt um fráveitur í Austurbyggð, nr. 128/2004.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Íbúðarhúsnæði, verslun og þjónusta, heimtaug | ≤ | 150 mm | 40.000 kr. |
| Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði og/eða heimtaug | > | 150 mm | 90.000 kr. |

Ef um tvöfalt frárennsliskerfi er að ræða skulu ofangreindar tölur margfaldaðar með tveimur.

3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,20% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

*Árgjald:*

Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróar (jafnaðargjald) skal vera eftirfarandi:

| | Stærð í lítrum | Árgjald | Tæmingargjald |
|---|---|---|---|
| Rotþró | 0-2.000 | 3.000 | 9.000 |
| Rotþró | 2.001-4.000 | 3.500 | 10.500 |
| Rotþró | 4.001-6.000 | 4.150 | 12.450 |

Gjald fyrir tæmingu rotþróa greiða þeir sem skrá sig til þátttöku í reglubundinni tæmingu á vegum sveitarfélagsins.

Gjalddagar árgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

*Gjald fyrir sérstaka þjónustu:*

Tæmingargjald fyrir rotþró sem er stærri en 6000 lítrar skal vera kr. 2.000 pr. $m^3$ fyrir hverja losun.

Fjárhæð árgjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota barka sem er lengri en 50 metrar en sé það nauðsynlegt skal húseigandi greiða aukalega kr. 4.000 á hverja losun.

Sé ekki hægt að tæma rotþró í reglubundinni yfirferð og því þurfi að fara aukaferð skal húseigandi greiða aukalega gjald sem nemur 50% af tæmingargjaldi.

Ef húseigandi óskar eftir aukatæmingu á rotþró skal hann greiða sem nemur einu og hálfu tæmingargjaldi fyrir þá losun.

5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Austurbyggðar 20. janúar 2004.

*Fáskrúðsfirði, 30. mars 2004.*

F.h. sveitarstjórnar Austurbyggðar,

**Steinþór Pétursson** sveitarstjóri.

30. mars 2004 Nr. 318

# AUGLÝSING

## um deiliskipulag þjónustumiðstöðvar og íbúðabyggðar við Egilsbraut, Þorlákshöfn.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 29. janúar 2004 samþykkt deiliskipulag á 4 lóðum fyrir parhús og byggingareiti fyrir þjónustu- og vistálmu á einni hæð, á stofnanasvæði sem frátekið er fyrir mannvirki tengd starfsemi að Egilsbraut 9. Aðkoma að svæðinu er frá Egilsbraut. Deiliskipulagsreiturinn afmarkast af Egilsbraut í norður, lóðarmörkum Egilsbrautar 9 til austurs, götu að Egilsbraut 19 til vesturs og óbyggðu svæði til suðurs.

Breytingar voru gerðar á auglýstri tillögu þannig að mörk deiliskipulagssvæðisins voru færð til vesturs að lóð Egilsbrautar 9 að austanverðu og þar með felld niður gata merkt B, sem við stóðu 8 parhús. Gögn hafa fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Tillagan er þannig samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 30. mars 2004.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Ölfuss,

**Sigurður Jónsson.**

# AUGLÝSING

**um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík.**

*Vélamiðstöðvarreitur, Skálatúnsreitur eystri.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 27. janúar 2004, breytingu á deiliskipulagi fyrir Vélamiðstöðvarreit.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Naustabryggja 36-52.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 17. mars 2004, breytingu á deiliskipulagi fyrir Naustabryggju 36-52.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 5. apríl 2004.*

**Helga Bragadóttir** skipulagsfulltrúi.

Nr. 320 26. mars 2004

# AUGLÝSING

**um deiliskipulag Túnahverfis á Hvammstanga.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Húnaþings vestra á fundi sínum þann 13. nóvember 2003 samþykkt deiliskipulag Túnahverfis á Hvammstanga.

Deiliskipulagið tekur yfir rúmlega 8 ha svæði nyrst á Hvammstanga. Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hvammstanga, 26. mars 2004.*

F.h. sveitarstjórnar Húnaþings vestra,

**Skúli Þórðarson** sveitarstjóri.